

Stofnanasamningur

milli Sameykis – stéttarfélags í almannajónustu og Framhaldsskólans í Austur Skaftafellssýslu

Samkvæmt 11. kafla í kjarasamnings Sameykis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með gildistíma 1. apríl 2019 með síðari breytingum.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í Sameyki sem eru í starfi hjá Framhaldsskólanum í Austur Skaftafellssýslu.

2. Markmið

Markmið samningsins er að launaröðun verði gagnsæ og ákvarðanir um launaröðun séu teknar hlutlægt og með málefnalegum hætti.

3. Starfsflokkar og röðun starfa í launaflokka

Við röðun starfa í launaflokk skal taka mið af eðli starfs, þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, færni, menntun, umfangi verkefna eins og kemur fram í starfslýsingu eða viðvarandi verksviði starfsmanns. Röðun í launaflokka er lágmarksröðun og tekur mið af meginlýsingu starfa.

3.1 Grunnröðun starfa í launaflokka

Lfl.	Starfsflokkur	Lýsing
26	Skrifstofustjóri	Annast daglega stjórnun og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu. Sér um skjalavörslu í rafrænum kerfum skólans. Heldur utan um bókhald skólans auk annara verkefna tengt stjórnun í samráði við skólameistara.
24	Tölvuumsjón	Hefur umsjón með tölvukerfum, hugbúnaði og notendahugbúnaði skólans. Sér um allan rekstur kerfanna í samráði við þá aðila sem sinna kerfisstjórn skólans.
19	Umsjónarmaður mötuneytis	Hefur umsjón með öllum rekstri mötuneytis. Skipuleggur matseðla og sér um innkaup, matseld og frágang ásamt öðrum verkefnum sem tengjast mötuneytinu í samráði við skólameistara.
10	Stuðningsfulltrúi	Aðstoðar nemendur við athafnir í daglegu lífi á skólatíma og styður við markmið kennara í kennslustundum.

Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.2. Starfsreynsla

- Eftir 1 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 þrep
- Eftir 2 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 þrep til viðbótar
- Eftir 4 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 þrep til viðbótar,
- Eftir 6 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 þrep til viðbótar,
- Eftir 9 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 þrep til viðbótar.

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum ef hún nýtist í starfi og er hún talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

3.2. Menntun

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir (ath. að einungis hæsta menntunarstig sem nýtist í starfi er metið):

- Starfsmaður sem lokið hefur þriggja til fjögurra anna námi á framhaldsskólastigi (a.m.k. 90 FEIN) skal hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður sem lokið hefur stúdentsprófi/sveinsprófi eða sambærilegu námi skal hækka um tvo launaflokka.
- Starfsmaður sem lokið hefur diplómagráðu á háskólastigi sem samsvarar einu skólaári (30-60 ECTS) og nýtist í starfi skal hækka um þrjú launaflokka.
- Starfsmaður sem lokið hefur bakkalárgráðu eða sambærilegu námi sem nýtist í starfi skal hækka um fjóra launaflokka.
- Starfsmaður sem hefur lokið meistargráðu sem nýtist í starfi skal hækka um sex flokka.

Í störfum þar sem gerð er krafa um háskólamenntun skal félagsmaður í Sameyki sem hefur háskólapróf ekki vera lægra launaður en ef hann væri í stéttarfélagi háskólamenntaðra

3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 þrep
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 þrep
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 þrep

3.4. Persónubundnir þættir

Heimilt er að hækka starfsmann um 1-4 launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

4. Starfsþróun

Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu skal hafa á að skipa hæfu starfsfólki og skulu stjórnendur sjá til þess að starfsfólk geti viðhaldið og aukið við þekkingu á sínu fagsviði. Skulu starfsmenn hafa tækifæri til starfsþróunar innan Fjölbrautaskóla Snæfellinga þar sem markmiðið er að þróa færni starfsmannsins m.t.t. þarfa stofnunarinnar og samkvæmt áhuga og ósk starfsmannsins.

5. Starfsmannasamtöl

Árlega skulu fara fram starfsmannasamtöl. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, starfsfræðslu, endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Starfsmannasamtal er ekki vettvangur umræðu um laun. Við mat á frammistöðu starfsmanns er gert ráð fyrir að farið verði eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, m.a. er gert ráð fyrir upprifjun frá síðasta starfsmannasamtali, hafi það farið fram.

6. Hlutverk samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar er skilgreint í kjarasamningi Sameyki. Samstarfsnefndin er kölluð saman á samningstíma vegna framkvæmdar samningsins ef aðilar telja nauðsyn bera til og annar hvor samningsaðili óskar þess. Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Skal ágreiningsmálum vísað til samstarfsnefndar. Samstarfsnefnd skal alla jafna funda í febrúar og ágúst, að lágmarki tvisvar á ári. Markmið þessa funda er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað.

7. Endurskoðun

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings Sameykis og fjármálaráðherra, eða þegar annar aðili óskar þess. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

8. Gildistími

Gildistími samnings þessa er frá 1. ágúst 2023

Reykjavík, 14. ágúst 2023.

Sameyki stéttarfélags

F.h. Framhaldsskólans í Austur
Skaftafellssýslu

Undirskrift með rafrænum hætti.